

107. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs  
9. 10. 2019 kl. 8:15 – 09:45

Fundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Ragnhildur Jónsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

**Mætt:** Þorvarður Árnason, Vilhjálmur Magnússon, Olga Ingólfssdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Steinunn Hödd Harðardóttir, Karl Friðriksson, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Bjarni Guðmundsson, Ragnhildur Jónsdóttir og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

**Fjarverandi:** Kristín Hermannsdóttir og Hrafnkell Guðnason.

**1. Teymi Nýheima**

Rætt var um teymi Nýheima, tilgang þeirra og markmið. Stjórn er sammála um að teymin séu mikilvægur liður í því að auka samstarf og samtal milli einstakra stofnana. Forstöðumanni falið að leggja fram hugmynd að skipulagi teymisfunda þessa önnina í samráði við teymisstjóra.

**2. Skipun í umhverfisnefnd Nýheima**

Hugrún Harpa greindi frá því að komið væri að því að skipa að nýju í umhverfisnefnd Nýheima. Eyjólfur sagði frá verkefninu Skóli á grænni grein, ákveðið að kynning á verkefninu verði á næsta fundi. Eyjólfur mun tilnefna fulltrúa FAS úr hópi starfsmanna og nemenda.


**3. Stefnumörkun 2020 - 2025**

Farið var yfir drög að stefnumörkun til næstu fimm ára og megin áherslur setursins ræddar. Með stefnumörkuninni er ætlunin að skilgreina markmið og framtíðarsýn setursins og í kjölfarið verður unnin fimm ára starfsáætlun sem mun byggja á fyrrnefndri stefnumörkun. Forstöðumaður mun funda með starfsfólk setursins til að fá fram þeirra sýn á framtíð Nýheima þekkingarseturs og mun stefnumörkun í kjölfarið koma aftur til umræðu í stjórn.

**4. Önnur mál**

Hugrún Harpa sagði frá því að Anna Guðrún rannsakandi í verkefninu „Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðarþróun“ er væntanleg í heimsókn í Nýheima. Tilgangur heimsóknarinnar er að taka viðtal við rýnihóp í tengslum við verkefnið.

Fundi slitið klukkan 9:45



Ragnhildur Jónsdóttir  
Hugrún Harpa Reynisdóttir